

## Viðmið við inntökur fyrir Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa barna (SIS-C)

Nauðsynlegt er að fyrir liggja formleg greining frá þriðja stigs stofnun, þ.e. Ráðgjafar- og greiningarstöð (RGR), Barna- og unglingsgeðdeild (BUGL), Þroska- og hegðunarstöð, Heyrnar- og talmeinasstöð og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

Greining á fötlun af hálfu þverfaglegs teymis a.m.k. þriggja sérfræðinga þarf að liggja fyrir. Fatlanir sem um ræðir eru þroskahömlun, einhverfa, alvarleg hreyfihömlun, blinda (alvarleg sjónskerðing) og heyrnarleysi. Niðurstöður þurfa að byggja á athugunum þar sem notast er við viðurkennd mælitæki við greiningu fatlana barna.

Börn með röskun á einhverfurófi þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi alvarleika og umfang meðraskana. Með hugtakinu meðröskun er átt við erfiðleika sem beint eða óbeint tengjast fötlun barnsins. Þar getur til dæmis verið um að ræða málþroskaraskanir, greindarskerðingu og alvarlega erfiðleika tengda hegðun. Meðraskanir eru metnar sérstaklega og tekið tillit til þeirra við skilgreiningu á fötlun ef um er að ræða sértæka málþroskaröskun (málþroskatala <70) eða marktæk frávik í vitsmunapróska (niðurstöður staðlaðs greindarprófs <85). Jafnframt er tekið tillit til þess ef um er að ræða ADHD, hegðunarraskanir, flogaveiki eða aðra verulega hamlandi þætti í lífi barnsins. Umsóknir fyrir börn með röskun á einhverfurófi eru skoðaðar sérstaklega m.t.t. meðraskana.

Ofangreind viðmið byggja á vinnureglu Tryggingastofnunar ríkisins og ákvörðun sérfræðiteymis við Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa barna hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð.

3. júlí 2020

Endurskoðað 4. janúar 2022

Guðný Stefánsdóttir

Tryggvi Sigurðsson